



Október 2020

HVATARBLAÐIÐ



Mánudaginn 14. september skrifaði Grímsnes- og Grafningshreppur undir samning með landlækni, Ölm D. Möller um að vinna að því að vera heilsueflandi samfélag. Samtímis voru það 11 félagasamtök sem skrifuðu undir að vera með í að skapa breiðfylkingu um þetta samfélagsverkefni. Félagasamtökin sem ætla að vera með eru:

- | | |
|-------------------------------|--------------------------------|
| • Kvenfélag Grímsneshrepps | • Ungmennafélagið Hvöt |
| • Lionsklúbburinn Skjaldbreið | • Leikfélagið Borg |
| • Leikfélag Sólheima | • Skógræktarfélag Grímsnes |
| • Skátarélag Sólheima | • Sauðfjárræktarfélagið Barmur |
| • Íþróttafélagið Gnýr | • Hestamannafélagið Trausti |
| • Hjálparseitin Tintron | |

Nú fer í hönd skipulagning næsta árs og mun stýrihópur verkefnisins vinna hugmyndir upp úr þarfagreiningunni sem er búin að vera í gangi í sumar. Þar hafa margar góðar hugmyndir komið og hafa göngu-, skokk- og hjólaleiðir verið ofarlega á blaði.

Til viðbótar koma síðan félagasamtökin og Kerhólsskóli með 1-2 verkefni/ viðburði sem eru tengdir þema næsta árs: Hreyfingu og útveru. Þar er áskorunin að vera með viðburð sem ekki aðeins nær til sinna félagsmanna heldur nær líka að virkja nær samfélagið.

Það er vegna þess að:

Saman sköpum við heilsueflandi samfélag :)

Gunnar Gunnarson, verkefnastjóri



489. fundur Sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps 2. september kl. 09:00 - 11:00 Stjórnsýsluhúsinu Borg

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti
Björn Kristinn Pálmarsson
Smári Bergmann Kolbeinsson
Ingibjörg Harðardóttir
Ragnheiður Eggertsdóttir í fjarveru Bjarna Þorkelssonar

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Harðardóttir

1. Fundargerðir

a) Fundargerð 200. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 26. ágúst 2020.

Mál nr. 10, 11, 12, 13 og 19 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

*Lögð fram 200. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita,
dagsett 26. ágúst 2020. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast
afgreiðslu sveitarstjórnar;*

Mál nr. 10: 2008042 - Krókur L170822, Virkjun, Borhola, Lóð, Fyrirspurn.

*Lögð er fram fyrirspurn frá Suðurdal ehf. varðandi
uppbyggingu á jarðvarmavirkjun á Földahálsi í samræmi við
greinargerð sem fylgir fyrirspurn.*

*Sveitarstjórn tekur jákvætt í fyrirspurnina og að málið fari í
lögbundið skipulagsferli að teknu tilliti til hugsanlegra
breytinga á aðalskipulagi, mats á umhverfisáhrifum, gerð
deiliskipulags á svæðinu o.s.fr.*

Mál nr. 11: 2008044 - Ferjubraut 11 L224508; Stækkun byggingarreits; Deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn hafnar erindinu samhljóða. Ekki er talið forsvaranlegt að færa byggingarreit svo nálægt lóðarmörkum þar sem það gengur gegn skipulagsreglugerð og aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Mál nr. 12: 2008051 - Farbraut 11 L169453 og 13 L169470; Norðurkot; Breyting á byggingarreitum; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram umsókn frá Grími Þ. Valdimarssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi að Norðurkoti sem snýr að lóðum Farbraut 11 og 13. Í breytingunni felst að byggingarreitur lóðar nr. 13 er skilgreindur og dreginn í 7 metra fjarlægð frá lóðarmörkum milli lóðar 11 og 13. Byggingarreitur lóðar nr. 11 er minnkaður og dreginn í 13 metra fjarlægð frá lóðarmörkum. Samþykki lóðarhafa lóðar nr. 11 liggur fyrir.

Sveitarstjórn hafnar erindinu samhljóða. Ekki er talið forsvaranlegt að færa byggingarreit svo nálægt lóðarmörkum þar sem það gengur gegn skipulagsreglugerð og aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Mál nr. 13: 2006084 - Neðra-Apavatn lóð (L169306); umsókn um byggingarleyfi; gestahús.

Fyrir liggur umsókn Ágústs Þórðarsonar fyrir hönd Jóns P. Jónssonar og Jónínu Rútsdóttur, móttekin 29.05.2020 um byggingarleyfi til að byggja gestahús 25 m² á sumarbústaðalandinu Neðra-Apavatn lóð (L169306) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi fyrir gestahúsi að Neðra-Apavatni lóð (L169306), með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir lóðarhöfum aðliggjandi lóða.

Mál nr. 19: 2008001F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 20 – 125.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 13. ágúst 2020.

b) Fundargerð 78. fundar stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs., 12. ágúst 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð 79. fundar stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs., 26. ágúst 2020.

Lögð fram 79. fundargerð stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita, dagsett 26. ágúst 2020. Þar sem húsnæði embættisins stenst engar kröfur um aðgengi fyrir alla ásamt því að starfsaðstaða er óviðunandi óskar sveitarstjórn eftir því að vinnu við húsnæðismál UTU verði flýtt sem kostur er.

d) Fundargerð 206. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 18. ágúst 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna rekstrarleyfis til sölu gistingar í flokki II að Litla-Hálsi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 21. ágúst 2020 um umsögn vegna leyfis til sölu gistingar í flokki II að Litla-Hálsi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt með fyrirvara um jákvæða umsögn byggingarfulltrúa og Brunavarna Árnessýslu.

3. Skipan fulltrúa í fjallskilanevnd Grímsnes- og Grafningshrepps.

Fyrir liggur að aðalmaður í fjallskilanevnd, Björn Snorrason, hefur beðist lausnar frá störfum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að tilnefna Guðjón Kjartansson sem aðalmann og Bjarna Þorkelsson sem varamann í nefndina. Ingibjörg Harðardóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins.

4. Greining SASS á atvinnulífi á Suðurlandi.

Fyrir liggur greining á vegum SASS um atvinnulíf á Suðurlandi, með sérstakri áherslu á ferðaþjónustuna, ásamt grein um málefnið.

Lagt fram til kynningar.

5. Bréf frá umboðsmanni barna um hlutverk og tilgang ungmennaráða sveitarfélaga.

Fyrir liggur bréf frá umboðsmanni barna, dagsett 26. ágúst 2020, þar sem fjallað er um hlutverk og tilgang ungmennaráða sveitarfélaga. Í bréfinu er þeim tilmælum beint til sveitarfélaga að líta til markmiðs æskulýðslaga um hlutverk og tilgang ungmennaráða, og tryggja að í ungmennaráðum eigi eingöngu sæti fulltrúar ungmenna í sveitarfélaginu undir 18 ára aldri þannig að tryggt sé að sjónarmið barna fái vægi í töku ákvarðana og mótun stefnu í málefnum sem varða þau.

Lagt fram til kynningar.

6. Námsstyrkir starfsfólks Kerhólsskóla.

Fyrir liggur umsókn starfsmanns Kerhólsskóla um styrk til að stunda nám í kennarafræðum. Umsóknin er í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um fjölgun faglærðra starfsmanna við Kerhólsskóla.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að hafna umsókn.

7. Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu vegna samstarfssamninga sveitarfélaganna.

Fyrir liggur bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dagsett 24. ágúst 2020, þar sem fjallað er um annmarka á samstarfssamningum sveitarfélagsins sem varða samvinnu við önnur sveitarfélög.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela oddvita / sveitarstjóra að vinna málið áfram.

8. Birt til umsagnar frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu áform um frumvarp til laga um samhæfingu stefna og áætlana á sviði samgöngu- og sveitarstjórnarmála.

Lagt fram til kynningar.

9. Birt til umsagnar frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu áform um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2020.

Lagt fram til kynningar.

10. Önnur mál.

Uppfærðar leiðbeiningar vegna gangna og rétta vegna covid-19.

Fyrir liggja uppfærðar leiðbeiningar vegna gangna og rétta vegna covid-19. Helstu uppfærslur eru að Heilbrigðisráðuneytið hefur veitt almenna undanþágu vegna nándar í fjallakofum með skilyrðum. Einnig hefur ráðuneytið veitt almenna undanþágu fyrir fjöldatakmörkunum við réttarstörf. Um slíka undanþágu þarf að sækja til Landssamtaka sauðfjárbænda á netfangið unnsteinn@bondi.is.

Uppfærðar leiðbeiningarnar lagðar fram til kynningar.

Sveitarstjórn áréttar að hún ber ábyrgð á framkvæmd gangna og rétta og ber að tryggja að reglum um sóttvarnir sé fylgt eftir. Á sama tíma og sveitarstjórn beinir því til bænda að fara eftir leiðbeiningum vill hún áréttar nokkur atriði.

Áhersla er lögð á að hver og einn ber ábyrgð á eigin athöfnum og að „Við erum öll almannavarnir“. Allir einstaklingar sem taka þátt í göngum og réttum, eru hvattir til að viðhalda 2 metra fjarlægðarreglu í samskiptum við aðra eftir því sem aðstæður leyfa. Almenna reglan er jafnframt að eins fái fari í göngur og hægt er. Þrátt fyrir að Heilbrigðisráðuneytið hafi veitt almenna undanþágu vegna nándar í fjallakofum með skilyrðum mælist sveitarstjórn til þess að ekki verði viðhöfð sú venja að gista í gangnamannakofum í leitum að undanskildu því leyfi sem veitt hefur verið fyrir Auði og Ingólf til að gista í kofanum inn við Kerlingu í eina nótt til að sinna hestum sem verða geymdir þar. Þar sem því verður við komið er mælt með ferðabilum/tjöldum til að minnka samneyti.

Fjallmenn verða að vera einkennalausir þegar farið er til fjalls. Þeir sem gefa kost á sér sem fjallmenn gera það á eigin ábyrgð. Veikist fjallmaður í fjallferð ber honum að fara til byggða og óska eftir sýnatöku. Sé viðkomandi sýktur ber honum að fara í einangrun. Þá ber einnig öðrum fjallmönnum að fara í sóttkví. Hópurinn getur sótt um undanþágu til að ljúka leitum. Fjallmenn geta ekki tekið þátt í réttarstörfum komi upp sýking í þeirra hópi.

Sveitarfélagið bera enga ábyrgð né kostnað komi upp smit í fjallferð eða réttum. Sá kostnaður sem kann að verða af einangrun og tekjumissi ber fjallmaðurinn/einstaklingurinn sjálfur.

Allir sem taka þátt í göngum og réttum skulu hlaða niður smitrakningarappi almannavarna.

Viðkomandi fjallkóngur ber að upplýsa sína fjallmenn og aðra sem sækja réttir um þær reglur og tilmæli sem eru í gildi vegna ástandsins. Reglur þessar gilda um allar leitir nema annað verði tilkynnt.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl: 11:00

Ungmennafélagið Hvöt æfingatafla haust 2020



	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
13:30-14:30				Körfubolti yngri Floríjan
14:15-15:15	Fótbolti eldri Matthías			
14:30-15:30		Frjálsar Áslaug		Körfubolti eldri Floríjan
15:15-16:15	Fótbolti yngri Matthías			

Æfingarnar eru hugsaðar fyrir grunnskólanemendur og elsta árgang leikskólans og við röðum niður í hópa eftir því hvernig aldurs samsetning iðkenda er í hverri grein.

Eins og er höfum við eina frjálsíþróttæfingu í töflunni en reynum að bæta við hóp ef þörf er á.

Æfingagjald 20.000 á önn óháð fjölda æfinga.



Lýðheilsu og tómstundastyrkur

Sveitarstjórn hefur samþykkt að hækka lýðheilsu- og tómstundastyrk í 50.000 krónur á einstakling. Hækkunin tekur þegar gildi og er fyrir allt árið 2020.

Grímsnes- og Grafningshreppur veitir foreldi/forráðamanni barna á aldrinum 5 – 18 ára og eldri borgurum 67 ára og eldri styrk til að stunda íþrótt-, tómstunda- og menningarstarf.


Meginreglan er sú að skipulagt tómstundastarf nái yfir 6 vikur samfellt. Hægt er að ráðstafa styrk til styttri námskeiða, enda uppfylli námskeiðið önnur skilyrði um styrkhæfi.

Ungmennir í framhaldsskóla geta nýtt sér styrkinn til kaupa á árskortum í líkamsrækt.

Allar upplýsingar um lýðheilsu og tómstundastyrkinn má finna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Hægt er að sækja um styrkinn á heimasíðu eða á skrifstofu sveitarfélagsins.





Nemendastyrkur Grímsnes- og Grafningshrepps

Grímsnes- og Grafningshreppur veitir nemendum á aldrinum 15 – 20 ára styrk til framhaldsnáms.

Skilyrði fyrir veitingu nemendastyrkja:

- Að styrkþegi hafi lögheimili í Grímsnes- og Grafningshreppi.
- Að styrkþegi sé á aldrinum 15 - 20 ára.
- Vottorði um staðfestingu á skólavist frá viðkomandi skóla sé skilað til skrifstofu sveitarfélagsins á netfangið gogg@gogg.is
- Nemendastyrki er ekki heimilt að færa milli ára. Styrkur fellur niður sé ekki um hann sótt á þeirri önn sem styrkþegi stundar nám.

Styrkur getur orðið allt að 40.000 kr. fyrir hverja önn eða að hámarki 80.000 kr. á ári.

Aðalfundur Hjálparsveitarinnar Tintron verður haldinn í húsi sveitarinnar miðvikudaginn 21. október og hefst klukkan 20:00.

Dagskrá;

- Skýrsla stjórnar
- Ársreikningur
- Kosning stjórnar
- Önnur mál



Nýir félagar velkomnir.

Tintron fréttir



Útköll

- 8. febrúar - Slasaður einstaklingur við Geysi
- 14. febrúar - Lokun á Lyngdalsheiði og fjögur óveðursútköll.
- 21. febrúar - Slasaður einstaklingur í Kerinu
- 27. febrúar - Fjöldi fastra ökutækja á Sólheimasandi
- 5. mars - Aðstoða ferðamann á Þingvöllum sem treysti sér ekki til að keyra lengra.
- 8. mars - Slasaður einstaklingur í fjalllendi við Geysi.
- 8. mars - Einstaklingur á vélsleða orðinn kaldur og áttavilltur
- 10. mars - Fastir bílar á Lyngdalsheiði
- 11. mars - Fimm manns á tveimur biluðum bílum norðan Skjaldbreiðar
- 11. mars - Fjöldi fastra bíla á Laugarvatnsvegi.
- 23. mars. - Þak á útihúsi rofið.
- 4. apríl - Fjölskylda með fastan bíl í Hagavík.
- 5. apríl - Fastir bílar ofan Steingrímsstöðvar
- 6. apríl - Fastur bíll við Búrfell, flutningur á lyfjum, þurrmjólk til ungabarns í sumarhúsi.

15. apríl - Hestur féll gegnum snjóbrú yfir skurð.

16. júní - Slösuð göngukona við Kattatjarnir

4. júlí - Leit að manni á Snæfellsnesi sem hafði verið leitað að síðan 30. desember

18. ágúst - Slasaður einstaklingur við Þingvallavatn, böruburður.

2. september - F1 Einstaklingur fastur með annan fótinn í Sandvatni.

7. september - Tvö naut í haughúsi í uppsveitum Árnessýslu

13. september - Leit að einstaklingi í Þjórsárdal

Í febrúar fengum við ný GPS staðsetningartæki í Tinna 1 og Tinna snjóbil.

Farin var ferð inn í Kerlingu á vinnukvöldi til að sækja skilti frá Landssambandi íslenskra vélsleðamanna sem staðsett er við Vörðu og því komið til byggða.

Árleg ferð okkar á Hellið með vistir og búnað fyrir skáta sem gengu þangað frá Úlfjótssvatni var farin að venju.

Félagsmenn sóttu Fyrstu hjálpar námskeið í húsi sveitarinnar ásamt fjórum frá öðrum sveitum á svæði 3.

Í mars var haldinn Covid upplýsingafundur á vegum Almannaavarna sem ellefu félagar sveitarinnar sóttu. Snjóbil sveitarinnar komst loksins af stað aftur eftir langan dvala og endurheimtum við þar okkar allra öflugasta björgunartæki.

Takmörkun á aðgangi húsnæðis sveitarinnar vegna Covid tók gildi og var sveitinni skipt upp í tvo útkallshópa og starfi sveitarinnar haldið í algjöru lágmarki.

Í apríl gengust Kvenfélag Grímsneshrepps og Lionsklúbburinn Skjaldbreiður við beiðni okkar um að styrkja okkur um hjartastuðtæki.

Í maí bætti kvenfélagið enn betur í og gaf okkur kassa af þrjónavörum sem við getum útdeilt til þolenda í útköllum og kemur það að góðum notum. Takmörkunum sem höfðu verið í gildi hjá viðbragðsaðilum var aflétt.

Í júní dustuðum við rykið af bátnum og tókum góða æfingu á Hestvatni

Covid vetrinum var svo slúttað í Haukadalsskógi með Björgunarsveit Biskupstunga og Björgunarsveitinni Ingunni sem reka með okkur sameiginlega unglingadeild.

Félagsmenn og fjölskyldur röltu um skóginn og enduðu í grilluðum pylsum.

Í ágúst gengu tvær vinkonur áheitagöngu til styrktar Tintron og söfnuðu um 140.000.

Í hagræðingarskyni var flugeldaskúrinn seldur Undirritaður var nýr samstarfssamningur milli hjálparveitarinnar og sveitarfélagsins sem hefur mikla þýðingu fyrir félagið.

Í september var Tinni 1 skilinn eftir með brotið afturdrif eftir útkallið að Sandvatni þar sem tveir félagar sveitarinnar komu að erfiðri björgun. Bíllinn var fluttur í húsnæði sveitarinnar morguninn eftir og var orðinn útkallshæfur á innan við tveimur sólarhringjum eftir snögga og góða þjónustu við upptekt á drifinu.

Endurnýjun á ljósabúnaði og rafkerfi á snjóbil fór fram og er að mestu komin. Unnið er að því að gera bílinn sem best í stakk búinn til að taka á verkefnum komandi vetrar.

Formaður undirritaði samstarfsyfirlýsingu við sveitarfélagið vegna verkefnisins Heilsueflandi samfélag.

Bátakerran var þússuð upp og máluð ásamt því að bátur og kerran voru merkt nú í lok mánaðar með endurskyni og textum.

Kveðja, formaður Hs. Tintron
Jóhannes Þórólfur Guðmundsson.







Straumver ehf.

RAFLAGNIR – VIÐGERÐIR

Jóhann Baldursson - ☎ 892 0518
 Már Jóhannsson - ☎ 866 6068
 Rafvirkjameistarar

ASKALIND 7 – 201 KÓPAVOGUR
 KRINGLA 2 – GRÍMSNESI 801 SELFÖSS

Sími

8

6

9

7

5

0

9



Verslunin Borg

Vetraropnunartíminn hefst 1. september

mánudagar - föstudagar 09:30 - 17:30

laugardagar 11:00 - 17:30

sunnudagar 12:00 - 16:00

- Hugdín TDK -
PhotoGrid

JARÐVINNUVERKTAÐAR



Tökum að okkur **STÓR** og smá verk

- Jarðvinnu
- Tætingu
- Þökulagningu
- Bílaflutninga
- Jarðheflun
- Fólksflutninga
- Snjómokstur



Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk



Heilsugæslan í Laugarási

Sími stöðvarinnar er 432 2770

Aðalnúmer HSU er 432 2000

Sími Neyðarlínu er 112

Lyfjaendurnýjun er hjá læknaritum kl. 8:00—9:00 í síma 432 2020



**489. fundur Sveitarstjórnar
Grímsnes- og Grafningshrepps
16. september kl. 09:00 - 11:00
Stjórnsýsluhúsinu Borg**

Fundinn sátu:

Björn Kristinn Pálmarsson

Steinar Sigurjónsson í fjarveru Ásu Valdísar Árnadóttur

Smári Bergmann Kolbeinsson

Ingibjörg Harðardóttir

Bjarni Þorkelsson

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Harðardóttir

1. Fundargerðir

a) Fundargerð 6. fundar veitunefndar, 27. ágúst 2020.

Lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 201. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita,
9. september 2020.

**Mál nr. 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18, 19, 20, 21 og 26
þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.**

*Lögð fram 201. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita,
dagsett 9. september 2020. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast
afgreiðslu sveitarstjórnar;*

**Mál nr. 11: 2008076 - Hlið L170821; Hamra- og Geitahlíð;
Ný staðföng innan skipulags.**

*Lögð er fram umsókn Kára Jónssonar, dags. 18. ágúst 2020,
um samþykki á nýjum staðföngum tveggja aðkomuvega innan
deiliskipulags frístundasvæðis í landi Hlíðar L170821 í
Grímsnes- og Grafningshreppi. Um er að ræða tvær götur sem
á meðfylgjandi lóðablaði eru merktar sem gata A og gata B.*

Óskað er eftir því að gata A fái nafnið Hamrahlíð og að gata B fái nafnið Geitahlíð. Deiliskipulagið og lóðablaðið gerir ráð fyrir að númer lóðanna séu þannig að oddatölur séu hægra megin og sléttar tölur vinstra megin. Fyrir liggur rökstuðningur landeiganda á nöfnunum með bréfi dags. 17. ágúst 2020.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða umsótt gatnaheiti. Mælt er til þess að númerum lóðanna verði breytt þannig að oddatölur séu vinstra megin og sléttar tölur hægra megin götu, sem er almenn regla við skráningu staðfanga þar sem um einfalda götumynd er að ræða.

Mál nr. 12: 2008070 - Kiðjaberg lóð 110 L198885; Stækkun byggingarreits; Fyrirspurn.

Lögd er fram umsókn frá Gestí Jónassyni vegna breytinga á deiliskipulagi að Kiðjabergi 110. Í umsókninni felst stækkun á byggingarreit lóðarinnar vegna fyrirhugðarar stækkunar á bústað innan lóðar. Með stækkun byggingarreits verður hann í 10 metra fjarlægð frá lóðarmörkum aðliggjandi lóðar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingar á deiliskipulagi lóðarinnar með fyrirvara um uppfærð gögn. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt næstu lóðarhöfum og landeigendum.

Mál nr. 13: 2008012 - Hallkelshólar lóð 113 (L198346); sótt er um bílgeymslu.

Fyrir liggur umsókn Guðmundar A. Adolfssonar, móttekin 10.08.2020 um að byggja bílageymslu 35,5 m² á sumarbústaðalandinu Hallkelshólar lóð 113 (L198346) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Mælt er til þess að skipulagsfulltrúi geri tillögu að skipulagsskilmálum fyrir svæðið

Mál nr. 14: 2006012 - Gilvegur 3 L194826; Ormsstaðir; Breyting á byggingarskilmálum; Deiliskipulagsbreyting.

Lögd er fram breyting á deiliskipulagi vegna sumarhúsabyggðar í landi Ormsstaða eftir auglýsingu. Í breytingunni fólst breyting á heimildum er varðar byggingarefni, stærð sumarbústaða, mænishæðar, þakhalla útihúsa og byggingarreita. Athugasemdir bárust á auglýsingatíma þar sem gerð er athugasemd við aukið byggingarmagn og hæð bygginga á lóðum innan deiliskipulagssvæðisins í heild þar sem að það muni hafa áhrif á útsýni frá lóð þess aðila sem skilaði athugasemdum við málið.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að byggingarheimildir sbr. deiliskipulagsbreytingu verði minnkaðar með það að markmiði að koma til móts við athugasemdir. Innan skipulagssvæðis hefur verið byggt umfram byggingarheimildir deiliskipulag m.a. innan lóðar athugasemdaaðila auk þess sem farið hefur verið umfram heimildir er varðar þakhalla.

Sveitarstjórn mælist til þess að eftirfarandi breytingar verði gerðar: Nýtingarhlutfall lóða innan skipulagssvæðis verði 0,03. Byggingarefni: Sumarbústaðir skulu gerðir út timbri, stáli eða öðru léttu byggingarefni. Stærð sumarhúsa: Hámarksstærð sumarhúsa innan skipulagssvæðis skal vera 140 fm. Mænishæð frá jörðu: skal ekki vera meiri en 5,5 m. Þakhalli: má vera 2-60°. Aðrar byggingar: Heimilt er að reisa auka hús á lóð allt að 40 fm. Byggingarreitir: eru sýndir á uppdrætti. Heimilt er að reisa eitt sumarhús ásamt einu aukahúsi innan byggingarreits.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að breytingin verði auglýst með fyrirvara um lagfærð gögn og að breytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild stjórnartíðinda ef engar athugasemdir berast.

Mál nr. 15: 2008036 - Kaldárhöfði lóð (L168932); umsókn um byggingarleyfi; sumarbústaður – viðbygging.

Fyrir liggur umsókn Gunnars Guðnasonar fyrir hönd Björns Gunnlaugssonar og Stefáns H. Jónssonar, móttekin 13.08.2020 um byggingarleyfi til að byggja við sumarbústað 35,4 m² á sumarbústaðalandinu Kaldárhöfða lóð (L168932) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð eftir stækkun á sumarbústaði verður 81,7 m².

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 16: 2008049 - Öndverðarnes 2 lóð (L170121) ; umsókn um byggingarleyfi; sumarbústaðir.

Fyrir liggur umsókn Óla S. Laxdal með umboð eiganda, dagsett 12.08.2020 um byggingarleyfi til að byggja tvo sumarbústaði 24,9 m² á sumarbústaðalandinu Öndverðarnes 2 lóð (L170121) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta málinu þar til gögn vegna afmörkunar viðkomandi lóðar liggja fyrir.

Mál nr. 17: 2008091 - Grýluhraun 1, 3 og 5; Farborgir; Sameining lóða; Deiliskipulagsbreyting.

Lögd er fram umsókn frá Jóni Erni Stefánssyni og Hildi Sigrínu Guðmundsdóttir vegna breytinga á deiliskipulagi að Farborgum. Í breytingunni felst sameining lóða í samræmi við umsókn og bréf dags. 10. ágúst 2020.

Sveitarstjórn hafnar erindinu samhljóða. Í skilmálum aðalskipulags er ekki gert ráð fyrir uppskiptingu lóða innan þegar byggðra sumarhúasvæða, en í sameiningu viðkomandi lóða felst uppskipting á lóð 3.

Mál nr. 18: 2008051 - Farbraut 11 L169453 og 13 L169470; Norðurkot; Breyting á byggingarreitum; Deiliskipulagsbreyting.

Lögd er fram umsókn frá Grími Þ. Valdimarssyni er varðar breytta legu byggingarreita á milli lóða Farbrautar 11 og 13. Málið var áður tekið fyrir á 200. fundi skipulagsnefndar þar sem því var hafnað. Lagt fram að nýju með móttökum hönnuða sem bárust í tölvupósti ásamt uppfærðum uppdrætti.

Sveitarstjórn hafnar erindinu samhljóða. Rök málsaðila eru ekki talin eiga við út frá skilmálum skipulagsreglugerðar.

Mál nr. 19: 2003014 - Torfastaðir 1 L170828; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting.

Lögd er fram lýsing aðalskipulagsbreytingar fyrir Torfastaði. Í breytingunni felst að skilgreint er fristundasvæði innan jarðarinnar Torfastaða 1 á um 25 ha. svæði vestan við Álfvatn.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 20: 2009017 - Grímsnes- og Grafningshreppur; Breytt skilgreining smábýla; Aðalskipulagsbreyting.

Lögd er fram umsókn Grímsnes- og Grafningshrepps vegna breytinga á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Í breytingunni felst breyting á stefnumörkun aðalskipulags er varðar smábýli. Samkvæmt greinargerð teljast smábýli vera íbúðarsvæði. Eftir breytingu teljast smábýli vera innan landbúnaðarsvæðis.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða breytingu á aðalskipulagi og að unnin verði lýsing aðalskipulagsbreytingar til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 21: 2009016 - Borg í Grímsnesi; Land sveitarfélags norðan Biskupstungnabrautar; Þéttbýli; Aðalskipulagsbreyting.

Lögd er fram umsókn frá Grímsnes- og Grafningshreppi vegna breytinga á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Breytingin tekur til þéttbýlisins að Borg í Grímsnesi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 26: 2008004F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 20 – 126.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. september 2020.

c) Fundargerð frá fundi Oddvitaneftndar UTU, 26. ágúst 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð 295. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, 31. ágúst 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð 42. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, 4. september 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð 6. fundar stjórnar Bygðasafns Árnesinga, 9. september 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð 8. fundar bygginganefndar Búðarstígs 22, 9. september 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð 886. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 28. ágúst 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) Fundargerð aðalfundar Vottunarstofunar Túns ehf, 26. ágúst 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Lýðheilsu- og tómstundastyrkur Grímsnes- og Grafningshrepps.

Lagt er til að hámarksupphæð styrks verði hækkuð úr 40.000 kr. á ári í 50.000 kr. á ári.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi hækkun.

3. Námsstyrkir starfsfólks Kerhólsskóla.

Fyrir liggja tvær umsóknir starfsmanna Kerhólsskóla um styrk til að stunda nám í kennslufræðum. Umsóknir eru í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um fjölgun faglærðra starfsmanna við Kerhólsskóla.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að verða við annarri umsókninni en hafna hinni á grundvelli þess að hún uppfyllir ekki skilyrði sveitarstjórnar.

4. Staða fjárhagsáætlunar.

Farið var yfir stöðu bókhalds og borið saman við fjárhagsáætlun ársins 2020 eftir fyrstu átta mánuði ársins.

5. Bréf frá Margréti Rúnarsdóttur, formanni FLUMM (Félags lóðareigenda í Undirhlíð í landi Minna Mosfells), vegna heimilissorpsgáma í frístundahúsahverfum.

Fyrir liggur bréf frá Margréti Rúnarsdóttur, formanni Félags lóðareigenda í Undirhlíð í landi Minna Mosfells, þar sem þeirri ákvörðun sveitarfélagsins að fjarlægja heimilissorpsgáma úr frístundahúsahverfum sveitarfélagsins frá og með miðjum september er mótmælt með þeim rökum að ákvörðunin brjóti gegn Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi nr. 1366 frá 20. desember 2019. Í 4. gr. samþykktarinnar segir að söfnun frá frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði fari fram að höfðu samráði við eigendur, umráðamenn eða hagsmunasamtök.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.

6. Styrkbeiðni vegna reksturs Aflsins fyrir árið 2021.

Fyrir liggur bréf dagsett 19. ágúst 2020 frá Aflinu, samtökum gegn kynferðis- og heimilisofbeldi, þar sem óskað er eftir styrk vegna reksturs samtakanna.

Sveitarstjórn hafnar styrkbeiðninni.

7. Bréf frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga vegna ársþings SASS og aðalfunda Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands.

Fyrir liggur bréf frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, dagsett 7. september 2020 þar sem greint er frá því hvar og hvenær Ársþings SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands verður. Ársþingin verða á Stacta Hotel á Hellu, dagana 29. og 30. október n.k. Sveitarfélagið á tvo fulltrúa á þinginu, en öllum sveitarstjórnarmönnum er heimilt að sækja þingið. Fulltrúar Grímsnes- og Grafningshrepps verða Ása Valdís Árnadóttir og Björn Kristinn Pálmarsson.

8. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2020.

Kynnt er að fjármálaráðstefna sveitarfélaganna verður haldin

dagana 1. og 2. október n.k. Ráðstefnan verður með breyttu sniði í ljósi aðstæðna og verður hún alfarið á netinu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fimm fulltrúar úr sveitarstjórn eigi kost á að sitja ráðstefnuna.

9. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem óskað er eftir gögnum um úrgangsmál í tengslum við mat á kostnaðaráhrifum vegna fyrirhugaðs frumvarps.

Fyrir liggur bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dagsett 3. september 2020, þar sem óskað er eftir því að sveitarfélög svari rafrænni könnun um úrgangsmál vegna kostnaðarmats á fyrirhuguðu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs.

Sveitarstjóra / oddvita falið að svara umræddri könnun.

10. Endurskoðun aðalskipulags Borgarbyggðar.

Lögð er fram til kynningar skipulags- og matslýsing vegna endurskoðunar á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.

11. Niðurstöður könnunar á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga á stafrænni stöðu sveitarfélaga árið 2020.

Lögð er fram skýrsla um niðurstöður könnunar á stafrænni stöðu sveitarfélaga, sem unnin var af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

12. Birt til umsagnar frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum á sviði jarðamála nr. 186/2020.

Fyrir liggur að birt er til umsagnar frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum á sviði jarðamála nr. 186/2020.


Lagt fram til kynningar.

13. Bréf frá IOGT á Íslandi þar sem kynntur er bæklingur 2.0 um áhrif áfengis á Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Fyrir liggur bréf dagsett 24. ágúst 2020 frá IOGT á Íslandi þar sem kynntur er bæklingur um áhrif áfengis á Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Lagt fram til kynningar.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl: 11:40



Kæru íbúar

Nú hefur bókasafnið sem bar heitið Bókasafn Kerhólsskóla verið flutt í stærra rými og því breytt úr skólabókasafni yfir í samsteypusafn sem ætlað er að þjónusta nemendur Kerhólsskóla og aðra íbúa sveitarfélagsins. Hafin er skráning í bókasafnskerfið Gegni á skáldsögum og öðru efni sem til var frá fyrri tíð auk nýrra titla. Safnið hefur því fengið nýtt nafn, **Bókasafn Grímsnes og Grafningshrepps**. Til þess að byrja með verða opnunartímar safnins eins og segir í töflunni sem hér fylgir. Opnunartímar gætu breyst eitthvað á meðan að verið er að meta þjónustupörfina, svo endilega fylgist með í Hvatarblaðinu og á heimasíðu sveitarfélagsins þar sem þeir verða auglýstir.

Til útskýringar er bent á að græni liturinn táknar að safnið sé opið öllum, bæði nemendum og íbúum en rauði liturinn táknar að safnið sé frátekið fyrir ákveðna hópa eða starfsemi. Guli liturinn táknar að kanna megi hvort starfsmaður er til taks á safninu eða hvort það er frátekið fyrir ákveðna starfsemi.

Vonandi gefst sem flestum tækifæri til þess að nýta sér þjónustu safnsins. Endilega komið á framfæri hugmyndum um það hvernig þið sjáið fyrir ykkur að safnið myndi þjóna ykkur best. bokasafn@gogg.is

Eldri borgarar eru hvattir til þess að nýta sér það að kíkja við á safninu á mánudögum og fimmtudögum áður en þeir fara og fá sér að borða í hádeginu og svo er kjörið fyrir foreldra að koma við um leið og þeir sækja börnin í leikskólann eða í frístundina.

Bókasafn Grímsnes og Grafningshrepps

Kl.	Mánud	Þriðjud.	Miðvikud	Fimmtud	Föstud.
8:15	Opið	Opið	Opið	Opið	Opið
8:55	Kennsla	Opið	Kennsla	Kennsla	Kennsla
9:55	Kennsla	Opið	Opið	Opið	Kennsla
10:35	Kennsla	Opið	Opið	Opið	Kennsla
11:15	Eldri borgarar	Kennsla	Opið	Eldri borgarar	Opið
12:00	Eldri borgarar	Lokað	Lokað	Eldri borgarar	
12:30 til 14:10	Opið eftir samkomu lagi	Kennsla	Opið eftir samkomu lagi	Opið eftir samkomu lagi	
15:30 til 17:00		Opið	Opið	Opið	

Lestur er bestur



Áheitaþing til styrktar Sjóðsins Góða

Vegna þeirra tíma sem við lifum á hafa takmarkanir vegna COVID hoggjóð skarð í félagsstarf Kvenfélags Grímsneshrepps. Við gátum því miður ekki haldið okkar árlegu Grímsævintýri og Tombólu þetta árið til þess að afla fjár til góðra málefna. Við munum heldur ekki halda okkar árlega jólabingó, sem ávallt hefur verið vel sótt, vegna þeirra fjöldatakmarkanna og fjarlægðarreglu sem enn er við líði. En þá er um að gera að brydda upp á einhverju nýju og hugsa út fyrir boxið til að afla fjár til góðra málefna og halda lífi í félaginu. Við ætlum að efna til áheitaþingu þar sem við göngum Sólheimahringinn, um 24km. Gangan verður laugardaginn 10. október 2020. Við óskum hér með eftir áheitu, sama hver upphæðin er og ætlar félagið að leggja mótframlag, allt að 500.000kr á móti því sem safnast. Við stefnum svo að afhenda þá upphæð sem safnast hefur ásamt mótframlagi frá félaginu fyrir októberlok.

Til að nýta eitthvað af þeim tombóluvinningum sem við vorum búnar að safna, áður en að við þurftum að blása tombóluna af, þá geta þeir sem heita á okkur og vilja farið í pott. Úr pottinum verða dregnir skemmtilegir vinningar 20. október 2020.

Við tökum á móti áheitu inn á reikning félagsins: 0152-26-020958 kt: 420389-1329 – skýring „áheiti“.

Þeir sem vilja fara í pottinn geta sent kvittun á kvenfel@gmail.com og sett í skýringu símanúmer sitt.

Sjóðurinn góði er samstarfsverkefni sóknarkirkja í Árnessýslu, Rauða krossins, félagsþjónustu Árborgar, félagsþjónustu Árnesþings og ýmissa félagasamtaka í Árnessýslu, þar á meðal kvenfélaganna. Þetta samstarf hefur staðið síðan árið 2008 og hefur þann tilgang að veita aðstoð fyrir jólahátíðina til handa þeim sem ekki eiga fyrir nauðþurftum.

Vonumst til að fá ykkar stuðning í þessu verkefni okkar.

Bestu kveðjur,
Félagskonur Kvenfélags Grímsneshrepps

Bíó í Félagsheimilinu Borg þann 15. október

Allir þeir sem eru orðnir 60 + og með lögheimili í Grímsnes- og Grafningshreppi ásamt félagskonum í Kvenfélagi Grímsneshrepps eiga þess kost að mæta frítt í bíó, fimmtudaginn 15. október í Félagsheimilinu Borg. Sýnd verður myndin „Svipmyndir fyrir framtíðina um fortíðina úr nútímanum“, sem framleidd var af kvenfélögunum í uppsveitum í tilefni að 100 ára kosningaafmæli kvenna 2015. Í myndinni eru meðal annars viðtöl við uppsveitakonur.

Húsið opnar kl. 19.30, sýning hefst kl. 20.00. Boðið verður upp á kók og prins á meðan myndin er sýnd og kaffi og með því eftir sýningu.

Í ljósi aðstæðna í samfélaginu verður eins metra fjarlægð virkt ásamt því að til staðar verða andlitsgrímur, hanskar og spritt fyrir þá sem vilja. Einnig verður hugað að gildandi fjöldatakmörkunum sem verða í gildi 15. október

Áður en að sýningin hefst og eftir mynd verður myndasýning af íbúum sveitarfélagsins sýnd.

Með kærleikskveðju
Kvenfélag Grímsneshrepps

Nánari upplýsingar veitir Hildur Magnúsdóttir s. 863-9503 og
Sigríður Jónsdóttir s. 898-4428.

BÍÓ Á BORG!

Myndin: **Svipmyndir fyrir framtíðina um fortíðina úr nútímanum**

Í tilefni að 100 ára kosningaafmæli íslenskra kvenna tóku kvenfélögin í uppsveitum sig til og létu útbúa viðtalsmynd við konur um þeirra líf. Nú er myndin orðin að veruleika. Sýningin er fyrir 60+ í GOGG og félagskonur.

15. OKT 2020
KL 20.00
Húsið opnar kl 19.30



ÁHEITAGANGA TIL STYRKAR SJÓÐSINS GÓÐA

Félagskonur í Kvenfélagi Grímsneshrepps ætla að ganga Sólheimahringinn (um 24km) laugardaginn 10. okt.

Öll áheit renna til Sjóðsins Góða

Reikningsnr. 152-26-20958
kt 420389-1329
Skýring: Áheit



Pizzavagninn á Borg
10. október 2020
kl. 18:00—20:30

BORGARSMÍÐUR
Tek að mér alhliða smíðavinnu.



ÞORKELL
ÞORKELSSON
GSM: 848-3857
Netfang: 8483857@gmail.com

Óska eftir sumarbústað í langtíma leigu.

Er einn.
Þarf næði til að skrifa bækur.

Verðhugmynd 100.000 til 130.000.

Jónas Clausen. Sími 6909663.



Kæru sveitungar !

Býr einhver svo vel að geta leigt mér einu sinni til tvisvar í viku 1 til 2 tíma í senn æfingasvæði inni fyrir mig og hundana mína.

Æskileg stærð er ca. 20 - 30 fermetrar. Form á fleti er ekki aðalatriði. Undirlag þarf að vera þurrt og æskilegt að það sé lýsing í rýminu.

Elín Lára Sigurðardóttir
Sími: 863-9582 Netfang: elin.lara.sig@gmail.com



Mynd: Magnús Hlynur



Viðar að mála innganginn í Stjórnsýsluhúsið

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámostöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámostöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa –
Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní –
Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

Grímsnes- og Grafningshreppur

Gámostöð

Grenndarstöðvar





ÁRTANGI

669-0108


694-8405

Vetraropnun

Opið alla virka daga frá 10 - 14



Verið hjartanlega velkomin.



Saumakompan

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642

GRAFNINGSRÉTTIR 2020



Mynd: Aron Reynisson

Mánudaginn 14. september voru teknar í notkun nýjar réttir í vesturhluta sveitarfélagsins sem hlotið hafa nafnið Grafningsréttir. Þær eru staðsettar í landi Úlfjótssvatns, við landamerki bæjanna Villingavatns og Úlfjótssvatns.

Þær voru hannaðar og teiknaðar af Sigrúnu Jónu Jónsdóttur og Ragnari Guðmundssyni starfsmanni Grímsnes- og Grafningshrepps. Réttirnar voru smíðaðar af Páli Briem, Ólafi Erni Þórðarsyni og Sæmundi Þorbirni Sæmundssyni og Ingólfur O. Jónsson sá um jarðvinnu og útsetningu réttanna.

Efni í undirlag fyrir réttirnar og nýjan veg var fengið hjá landeigendum á Króki og er þeim þakkað fyrir sitt framlag.

Næturhólfíð við réttina var svo girt af fulltrúum Hjálparsveitarinnar Tintron.

Réttirnar eru hinar glæsilegustu og eiga fyrrnefndir aðilar þakkir skilið fyrir góða vinnu.

Vegna aðstæðna í sveitarfélaginu var ekki unnt að bjóða almenningi í réttirnar í þetta skipti en stefnt er að því að vígja þær á næsta ári og boða til fagnaðar að því tilefni.



Mynd: Aron Reynisson

Miðvikudaginn 16. september sl. fengum við í Kerhólsskóla fjórða grænfánann okkar afhentan við hátíðlega athöfn. Grænfáninn er viðurkenning sem veitt er skólum sem vinna að menntun til sjálfbærni. Margrét Hugadóttir frá Landvernd heimsótti okkur, ræddi við krakkana og afhenti grænfánanefndinni fánann. Eftir afhendinguna fóru nemendurnir í „Fangaðu flaggið“ í útinámi og enduðu á að fá sér grænfánaköku í tilefni dagsins.



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

Rafvirkjabjónusta

Vantar þig rafvirkja? Hringdu í síma 480-1160 eða sendu fyrirspurn á arvirkinn@arvirkinn.is og fáðu upplýsingar um verð, tilboð í verk eða svör við fyrirspurnum á hverju því sem tengist raflögnum. Við höfum yfir 40 ára reynslu og þekkingu á þessu sviði.

Rafeindabjónusta

Rafeindavirkjar okkar eru sérfræðingar í uppsetningu á öryggiskerfum fyrir fyrirtæki og heimili og er Árvirkinn ehf. samstarfsaðili Öryggismiðstöðvarinnar. Meðal annarra verkefna rafeindavirkja okkar eru uppsetningar á aðgangstýri kerfum, myndavéla og brunakerfum, loftnetskerfum, tölvulagnir o.fl.

Verslun

Á Eyravegi 32 er verslun Árvirkjans staðsett. Þar er mikið úrval af hágæða heimilistækjum, hljómtækjum, farsímum, og spjaldtölvum frá merkjum eins og AEG, Samsung, Siemens og Bosch. Þar eru seldar playstation tölvur og leikir, sem og hársnyrti- og formunar vörur. Árvirkinn selur einnig raflagnaefni og er með gott úrval af ljósum. Árvirkinn er þjónustuaðili Vodafone og Sýn á Suðurlandi.

Verkstæði

Rekum öfluga viðgerðabjónustu á stærri heimilistækjum, s.s. þvottavélum, uppþvottavélum og eldavélum. Sækjum og sendum heim ef óskað er.

Gróðurhúsabjónusta

Við bjóðum upp á sérhæfða þjónustu fyrir tæknivædd gróðurhús. Síðan 2009 hefur Árvirkinn ehf verið umboðsaðili danska fyrirtækisins Senmatic A/S sem framleiðir fjölbreytt úrval tæknibúnaðar fyrir gróðurhús eins og loftlags-stýritölvur, áburðarblandara, LED-lampa o.fl. Einnig selur Árvirkinn ehf búnað frá eftirfarandi framleiðendum: Agrolux, Philips, Normist, Ridder, FormFlex

www.arvirkinn.is

Stafagöngu-námskeið:

Ef næg þátttaka næst verður boðið uppá stafagöngu-námskeið á Borg í Grímsnesi. Það yrði þá samtals 4x, á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 16:30. Tímarnir verða aðlagðir að getu þátttakenda en stafaganga hentar öllum sem alhliða styrktar- og þolþjálfun, hvort sem er fyrir eldri borgara eða afreksfólk í íþróttum.

Þátttökugjald er 1000 kr. og hægt er að fá lánaða stafagöngu-stafi, en annars má nota sína eigin. Á þessum tíma er íþróttamiðstöðin lokuð vegna viðgerða, þannig að ekki verður hægt að nota búningsklefa.

Staður: Borg í Grímsnesi, fyrir utan íþróttahúsið

Kl. 16:30

Leiðbeinandi: Gunnar Gunnarsson, íþróttar- og heilsufræðingur þriðjudaganna: 13. og 20. október.

Fimmtudaganna: 15. og 22. október.

Fyrirspurnir eða skráningar sendist til: heilsueflandi@gogg.is



Íþróttamiðstöðin Borg

LOKAÐ VEGNA VIÐHALDS OG ENDURBÓTA

Frá mánudeginum 28. september til 12. október n.k. er stefnt að viðhaldi og endurbótum í Sundlauginni á Borg og verður hún því lokuð á meðan.

Tíminn verður nýttur til að:

- Endurnýja ónýta glugga
- Endurnýja sturtuklefa
- Endurnýja búningsklefa

Viðskiptavinir eru jafnframt beðnir velvirðingar á þeim óþægindum sem lokunin kann að valda

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is